

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
B/t Allsherjarnefndar

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 131/1421*  
*komudagur 20.4.2005*

Reykjavík 19. apríl 2005

## Efni: Umsögn um nýtt frumvarp til laga um happdrætti (675. mál).

Stjórn Íslenskra getrauna hefur fjallað um efni ofangreinds frumvarps og gerir í meginatriðum ekki athugasemdir við það. Rétt er hinsvegar að það komi fram að Íslenskar getraunir búa í dag við mikla samkeppni frá erlendum aðilum sem bjóða vörur sínar til sölu á internetinu. Fjölmargir Íslendingar taka þátt í hverri viku hjá erlendum veðbönkum og spila þar fyrir háar fjárhæðir og vinna einnig háar fjárhæðir. Með tilkomu netsins hefur einnig myndast hörð verðsamkeppni þar sem erlendir veðbankar hækka útborgunarhlutfall til sinna viðskiptavina til þess að gera vörur sínar meira aðlaðandi fyrir viðskiptavinin. Þessir aðilar þurfa ekki að greiða arð til jafn fjölmenna samtaka og Íslenskar getraunir og er því um mjög ójafnan leik að ræða.

### Almennar athugasemdir

Í athugasemdum með frumvarpinu er bent á að í undirbúningi séu breytingar á sérlögum um HHÍ varðandi einkaleyfisgjald. Er til skoðunar að fella niður það gjald en þess í stað að bæta ríkissjóði tekjutapið með sérstakri gjaldtöku á þá aðila sem starfa á happdrættismarkaði. Stjórn Íslenskra getrauna mótmælir alfarið slíkri skattlagningu enda myndi hún í tilviki Íslenskra getrauna leiða til lækkunar arðs sem greiddur er til eignaraðila fyrirtækisins og þar með hafa veruleg áhrif á rekstur þeirra.

Íslenskar getraunir telja jafnframt að hin fyrirhugaða lagasetning sé ekki nægilega skýr hvað varðar það atriði hvaða lög skuli gilda stangist þau á við sérlög sem þegar eru í gildi um starfsemi Íslenskra getrauna.

### Um 5. gr.

Starfsemi Íslenskra getrauna er háð auglýsingum og kynningum til þess að koma vörum sínum á framfæri. Allar hömlur á fjárhæðir til auglýsinga geta því komið niður á tekjumöguleikum félagsins. Tekið skal fram að verulegur munur er á nauðsyn happdrætta til auglýsinga og því óeðlilegt að sömu reglur gildi um þau öll. Má í því sambandi nefna að almennt þarf ekki að auglýsa svokallaðar spilavélar, þær draga fólk að "per se" en aftur á móti þarf hvatningu til að fá fólk til að taka þátt í talnagetraunum eins og lottói og er þá nauðsynlegt að auglýsa t.d. hækkun á potti o.s.frv.. Íslenskar getraunir leggja því til ákvæði þar sem heimiluð er binding happdrættisleyfis við að auglýsingar fari ekki yfir ákveðin mörk verði fellt niður en til vara að heimildin sé bundin því að tekið sé tillit til að hvaða marki umsækjandi leyfis sé háður því að auglýsa sína vöru.

Í þessu sambandi skal einnig beint á að mikill munur er talinn vera á því hverskonar happdrættisleikir hafi þau áhrif á fólk að leiði til spilafíknar. Er talið að leikir sem gefa


vinning um leið og spilað er leiði mun frekar til spilafiknar en t.d. getraunaleikir. Ástæða er því til að nánar sé kveðið á um heimild löggjafans til að skylda umsækjendur að leggja fram fé til rannsókna eða aðgerða vegna spilafiknar með tilliti til eðlis þeirra happdrættisleikja sem umsækjandi rekur ef að slík gjalddtaka á því yfirleitt rétt á sér.

#### Um 6. gr.


Íslensk getsþá sér um sölu á leikjum Íslenskra getrauna í gegnum sölukerfi sitt. Þar hefur því ávallt verið beint til umboðsmanna að selja ekki varning félagsins til einstaklinga yngri en 18 ára. Á internetinu gilda þær reglur að viðkomandi þarf að hafa greiðslukort og er því þar um ákveðnar takmarkanir að ræða. Á það skal hinsvegar bent að fjölmörg annarskonar happdrætti og leikir hafa flætt inn á markaðinn þar sem beinlínis er höfðað til barna og unglunga (dæmi um það eru svokölluð SMS happdrætti). Framkvæmd eftirlits með aldri þátttakenda í hinum ýmsu happdrættisleikjum er illfrankvæmanleg og spyrja má þeirrar spurningar hvort sé hættulegra eða óhollara fyrir börn og unglunga að kaupa lottómiða þar sem þau væru að styðja gott málefni eða t.d. gos og kartöfluflogur.


Við aldurstengingu/hömlur sem þessa koma líka upp margvíslegar spurningar um framkvæmd eins og hvað felist raunverulega í því "að taka þátt í happdrætti". Væri miði sem gefinn væri ungmenni (t.d. í skólinn) því ógildur? Hvað ef vinningur kæmi á slíkan miða?

Virðingarfyllst,


  
Stefán Snær Konráðsson

  
Sæmundur Runólfsson

  
Geir Þorsteinsson

  
Örn Andrésson

  
Líney Rut Halldórsdóttir

  
Bergveinn Sampsted framkvæmdastjóri